

að þakka að óttinn við hann rak þá til þess. Þing þetta er fyrsta tilraun í sögu kristninnar að koma á „Conformity“ í trú, er mistókst hraparlega og í öllum sínum endurtekningum síðan hefir mistekist hraparlega.

Lýsing þessa fyrsta þings allsherjar kristninnar á jörðunni er til frá þeim tíma og er næsta einkennileg. Og leyfum vér oss að taka upp hér fáeina kafla í þýðingu úr ensku. Það sem aðallega bar á milli var um lærdóminn um persónu Jesú og helztu málsaðilar voru meiri hlutans, er að lokum réði úrslitum að Jesú væri guðs eingetinn sonur, sameðlis föðurnum; var Alexander byskup frá Alexandríu og Athanasíus djákn hans, en á móti, og með minnihluta tillögunni, þeirri að Jesú væri sköpuð vera, óaðri föðurnum, eða maður, gæddur andlegum yfirburðum; var Aríus öldungur frá Alexandríu og Eusebius frá Níkomedía, er þá var höfuðborg austur keisaradamisins áður en Mikligarður var byggður.

Þeim er lýst á þessa leið:

„Fremstur að tign og vegleika var Alexander byskup. Hann var æðsti byskup kristninnar og honum einum bar nafnið „papa“ eða páfi. Byskupsdæmi hans var það menntaðasta og ríkasta á jörðinni. Hann var nú orðinn aldurniginn mjög og átti ekki að auðnast að sjá sitt heilaga málefni til lykta leitt. Skuggi dauðans hvíldi yfir honum.

„Næstur honum er lítill og að virðist óveglegur maður tæpra 25 ára gamall, en fjörlegur og málhreyfur, með bjartann og guðdómlegann svip. Á honum hvíla allra augu. Þessi er Erkidjákn Athanasíus Mikli.

„Þá er að líta til hinnar hliðarinnar og er þá fyrstur sóknarpresturinn frá helztu kyrkjunni í Alexandríu, Baukalís. Hann er nú 60 ára að aldri, ákaflega hár og grannvaxinn og að virðist getur naumast haldið sér uppréttum, hann liðast og víxlast sundur og saman og gengur með einkennilegum hreyfingum, líkast þá er höggormur skríður. Hann væri fríður ásýndum væri andlit hans ekki svo átakanlega fölt og magurt og augun vísandi niður, er kemur til af því að hann er augnveikur. Stundum þrútna æðar hans og bólga og hann nötrar allur, sem væri